Félagslegt nám á tímum gervigreindar og einstaklingsmiðunar

Hróbjartur Árnason
Háskóla Íslands

Hvernig lærum við með öðrum þegar sífellt fleiri námsverkefni er hægt að leysa ein, með aðstoð gervigreindar og án þess að hitta samnemendur? Á sama tíma og háskólar leggja aukna áherslu á sveigjanleika, einstaklingsmiðaðar námsleiðir og stafrænar lausnir hafa æ fleiri tjáð áhyggjur vegna félagslegrar einangrunar, veikari samfélagslegra tengslaneta og minnkandi tækifærum til samræðu og samvinnu. Og þar með jafnvel hrakandi hæfni fólks til að takast á við flóknar áskoranir í samstarfi fólks. Þessi þróun vekur spurningar um hlutverk og verkefni náms í háskólum nútímans.

Í erindinu verður fjallað um kenningar um félagslegt nám og rök fyrir nauðsyn þess að setja það í miðju háskólanámi. Þótt háskólar hafi lengi verið skilgreindir sem samfélög fræðimanna og oft sé talað um háskóla sem námssamfélög, er ekki sjálfgefið að nemendur læri hver með öðrum eða upplifi sig sem hluta af virku námssamfélagi. Rannsóknir benda hins vegar til þess að samskipti, samvinna, sameiginleg þekkingarsköpun og tilfinning fyrir að tilheyra hafi veruleg áhrif á bæði námsárangur og námsupplifun.

Jafnframt verður fjallað um hvernig styrkja megi félagslegt nám í sífellt sveigjanlegra námsumhverfi. Stuðst verður við reynslu af námskeiðum þar sem nemendur taka þátt á ólíkan hátt, á staðnum, í rauntíma á netinu eða á eigin tíma. Slík námsumhverfi varpa skýru ljósi á þá áskorun að skapa sameiginlegt námssamfélag þegar nemendur hittast sjaldan eða aldrei á sama stað og tíma.

Meginskilaboð erindisins eru að á tímum aukins tæknilegs stuðnings og einstaklingsmiðaðra námsleiða verði félagslegt nám síður sjálfkrafa til en áður. Hlutverk háskólakennarans felist því í síauknum mæli ekki aðeins í að skipuleggja námsefni og námsmat heldur einnig í að hanna aðstæður þar sem nemendur geta lært með öðrum, af öðrum og í gegnum þátttöku í virku fræðilegu samfélagi.